

TILLÖGUR OG GREINARGERÐ

Til samþykktar á ársfundi Stapa 8. maí 2019

Inngangur

Þann 24. apríl 2018 skrifuðu fulltrúar samningsaðila undir „Samkomulag um breytingar á kjarasamningi Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um lífeyrismál frá 12. desember 1995“. Umrætt samkomulag snýr að tilteknum þáttum stjórnkerfi lífeyrissjóða, svo sem ársfundum, stjórnnum og fulltrúaráðum. Margt af því sem kveðið er á um í samkomulaginu er þegar til staðar í samþykktum Stapa og kallar ekki á breytingar. Önnur atriði í samkomulaginu eru hins vegar nýmæli sem kalla á breytingar á samþykktum sjóðsins.

Nánar um einstakar breytingar

Grein 3.6 í samþykktum

Í kafla samkomulagsins sem fjallar um fulltrúaráð er kveðið á um að hverjum fulltrúa skuli heimilt að fara með allt að tvö atkvæði til viðbótar við eigið atkvæði eftir reglum sem framangreindir tilnefningaraðilar setja. Samkvæmt núgildandi samþykktum er fulltrúaráðsmanni hins vegar aðeins heimilt að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum. Er því lögð til eftirfarandi breyting á grein 3.6. í samþykktum :

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
3.6 Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum launamanna og atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum. Fulltrúar launamanna skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag launamanna að lífeyrissjóðnum samkvæmt grein 3.2 kýs úr sínum hópi 1 fulltrúa fyrir allt að 200 félagsmenn og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn umfram það, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 50 stærstu atvinnufyrirtæki og stofnanir með atvinnu- eða þjónustustarfsemi, með tilliti til iðgjaldagreiðslna af eigin starfsmönnum til sjóðsins á næstliðnu reikningsári, tilnefna einn fulltrúa hver. Heimilt er að telja fyrirtæki sem gera samstæðuuppgjör sem einn aðila m.t.t. þessarar greinar. Samtök launagreiðenda, sem aðild eiga að sjóðnum skv. grein 3.3, skulu tilnefna þá	Ákvæðið verður samkvæmt tillögunni óbreytt fyrir utan síðustu setninguna. Textinn sem er yfirstrikaður hér fyrir neðan fellur burt en í staðinn kemur textinn sem er rauðlitaður í dálkum til vinstri Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.

<p>fulltrúa, sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í fulltrúaráðinu, í hlutfalli við iðgjöld aðildarfyrirtækja/stofnana sinna. Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að næsta ársfundi. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með allt að tvö atkvæði til viðbótar við eigið atkvæði á ársfundum og reglulegum fundum fulltrúaráðsins.</p>	
---	--

Ný grein 3.7 í samþykktum

Í samkomulaginu er einnig vikið að hlutverki fulltrúaráðs og starfsháttum. Þegar er starfandi fulltrúaráð hjá Stapa og kveðið á um það í gildandi samþykktum. Að mati stjórnar ætti útfærsla á starfssemi fulltrúaráðs af ráðast af kjarasamningum eins og þeir eru hverju sinni og telur stjórn ekki heppilegt að breyta samþykktum lífeyrissjóðsins í hvert skipti sem samningsaðiliar breyta áherslum í kjarasamningi. Stjórn leggur því til að samþykktir vísi til kjarasamnings um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðsins en þó sé þar kveðið á um að stjórn skuli kalla fulltrúaráð saman amk. tvisvar sinnum á ári. Er því gerð tillaga að nýrri grein í samþykktum sem verður nr 3.7:

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
<p>3.7 Stjórn sjóðsins skal kalla saman fulltrúaráðið tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomanandi kjarasamninga hverju sinni.</p>	<p>Nýtt ákvæði</p>

Breytt númer á eftirfarandi greinum

Þar sem gerð er tillaga að nýrri grein 3.7 breytast númer þeirra greina sem á eftir koma (greinar sem nú eru nr. 3.7 – 3.10

Breyting á grein 3.10 um ársfund Stapa

Í A. kafla samkomulagsins er kveðið á um störf ársfundar. Meðal nýmæla er að tilkynning um kosningur nefndar um laun stjórnarmanna, yfirferð hluthafastefnu og yfirferð starfskjarastefnu skulu vera skyldubundnir dagskrárliðir á ársfundum. Einnig felst í samkomulaginu að það verður ekki lengur hlutverk ársfundar að kjósa stjórn sjóðsins heldur verða þeir valdir samkvæmt ferli sem kveðið er á

um í C. kafla samkomulagisins og er tilkynnt um niðurstöðu ferlisins á ársfundi. Téð ákvæði í C. kafla samkomulagsins er svohljóðandi:

„Fulltrúar stéttarféлага sem aðild eiga að viðkomandi lífeyrissjóði og fulltrúar atvinnurekenda skulu hvor um sig starfrækja uppstillingarnefnd sem fjalli um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilar skulu óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga til stjórnarstarfa með auglýsingum og almennri hvatningu. Sóst verði eftir einstaklingum úr hópi sjóðfélaga, stjórnenda fyrirtækja sem eru greiðendur til viðkomandi sjóðs eða forystumanna samtaka atvinnurekenda, með fjölbreytta reynslu og þekkingu t.d. varðandi lífeyrismál, kjarasamninga, stjórnun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað. Úr þessum hópi gerir uppstillingarnefnd tillögu um einstaklinga til stjórnarsetu sem hæfastir eru taldir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Tilnefningaraðilar skulu hafa með sér formlegt samráð við tilnefningar sem tryggi að stjórn lífeyrissjóðs búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Tilnefningar uppstillingarnefndar stéttarféлага í stjórnir lífeyrissjóða verði staðfestar af fulltrúum stéttarféлага í fulltrúaráði viðkomandi lífeyrissjóðs.

Með sama hætti skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningar framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins um stjórnarmenn í viðkomandi lífeyrissjóði.“

Þar sem sumir skyldubundnir dagskrárliðir ársfundar fela í sér kosningu á meðan aðrir felast einungis í tilkynningu/kynningu fyrir fundinn er lagt til að grein samþykktu um ársfund (nú gr. 3.10) verði, til samræmis við það, skipt í tvær greinar sem verða nr. 3.11 og 3.12. Grein 3.11 fjallar um það sem einungis þarf að kynna á fundinum en 3.12 fjallar um þau atriði sem þarf bæði að kynna og bera undir atkvæði:

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
3.11 Á ársfundi skal kynna:	3.10 Á ársfundi skal taka fyrir:
3.11.1 Skýrslu stjórnar	3.10.1 Skýrslu stjórnar
3.11.2 Ársreikning fyrir síðasta starfsár.	3.10.2 Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum og tryggingafræðilegri úttekt
3.11.3 Tryggingafræðilega úttekt.	3.10.3 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
3.11.4 Fjárfestingarstefnu sjóðsins.	3.10.4 Stjórnarkjör skv. 4. grein. Fulltrúar stéttarféлага í fulltrúaráði skulu kjósa aðal- og varamenn í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á aðal- og varamönnum í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.
3.11.5 Hluthafastefnu sjóðsins.	3.10.5 Kosningu löggilts endurskoðanda, eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða í fulltrúaráði ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
3.11.6 Skipan stjórnar.	
3.12 Á ársfundi skal kynna og bera undir atkvæði:	
3.12.1 Starfskjarastefnu sjóðsins.	
3.12.2 Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna.	
3.12.3 Tillögu um laun stjórnarmanna.	
3.12.4 Tillögu stjórnar að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.	
3.12.5 Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins, þegar þær liggja fyrir. Um tillögur til breytinga á samþykktum	

<p>sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 10. greinar.</p> <p>3.12.6 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.</p>	<p>3.10.6 Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 10. greinar.</p> <p>3.10.7 Tillögu um laun stjórnarmanna.</p> <p>3.10.8 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.</p>
---	--

Breyting á grein 4.1

Lögð er til breyting á gr. 4.1 í samræmi við það sem kveðið er á um í C-kafla samkomulagsins varðandi val ár stjórnarmönnum.

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
<p>4. Stjórn.</p> <p>4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð átta einstaklingum. Fjórir stjórnarmenn skulu tilnefndir af launamönnum og skal val þeirra staðfest af fulltrúm launmanna í fulltrúaráði sjóðsins. Fjórir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og skal val þeirra staðfest af fulltrúm atvinnurekenda í fulltrúaráði sjóðsins. Fjórir varamenn skulu valdir með sama hætti, tveir frá launamönnum og tveir frá atvinnurekendum.</p>	<p>4. Stjórn.</p> <p>4.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af launamönnum og fjórir af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Kosning fulltrúa vinnuveitenda fer fram skv. ákvörðun aðildarfélaga sjóðsins skv. grein 3.3. Fjórir varamenn skulu kosnir með sama hætti.</p>

Breyting á grein 4.2

Lagt til að nota orðið „atvinnurekandi“ frekar en „vinnuveitandi“

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
<p>4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa atvinnurekenda. Varamenn skulu kosnir með sama hætti, einn fulltrúi launamanna og einn fulltrúi atvinnurekenda á</p>	<p>4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, tvo fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa vinnuveitenda. Varamenn skulu kosnir með sama hætti, einn fulltrúi launamanna og einn fulltrúi atvinnurekenda á hverju ári.</p>

hverju ári. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.	Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.
---	---

[Tillaga að nýrri grein 4.8](#)

Í samkomulaginu er kveðið á um að ársfundur skuli skipa sérstaka nefnd sem leggur fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund. Er því lögð til eftirfarandi tillaga að nýju ákvæði um slíka nefnd:

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
4.8 Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.	Nýtt ákvæði

[Tillaga að breytingu á grein 25.5](#)

Tillaga að nýju/breyttu ákvæði:	Eldra ákvæði eða skýring:
25.5 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 5.000 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagsins ef um eftirlaun er að ræða, af hendi í einu lagi. Ef um örorku- eða makalífeyri er að ræða þá greiðist hann í einu	Hér er lagt til að hækka viðmið varðandi heimild til eingreiðslu úr 2.500 kr. mánaðargreiðslu í 5.000 kr. mánaðargreiðslu. Er tillagan til einföldunar í starfsemi sjóðsins og mun fyrst og fremst nýtast erlendum aðilum sem vilja fá lífeyrisgreiðslur sínar inn á erlenda bankareikninga. Þar sem tiltölulega hár fastur kostnaður, sem sjóðfélaginn ber (ca 900 – 2.000 kr.), fylgir millifærslum inn á erlenda reikninga gefur augaleið að óhagkvæmt er að greiða mjög lágar

lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðings.	mánaðargreiðslur inn á erlenda reikningar þar sem stór hluti þeirra fer þá í kostnað.
--	---